

Silungur - eldisstöð ehf.
Pósthólf 44
276 Mosfellsbær

Reykjavík, 24.3.2023
UST202301-152/G.S.O.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 12. janúar 2023 þar sem stofnunin áfirmaði að áminna Silung eldisstöð ehf. vegna fráviks er skráð var í eftirliti þann 25. október 2022. Frestur var veittur til 26. janúar sl. til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

Frávikan eru eftirfarandi:

1. **Gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðila ber að senda ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreinds fráviks til 26. janúar sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 12. apríl nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Þær aðgerðir yrðu áfirmaðar sérstaklega og andmælafrestrur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsméðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023. **Gjaldið er 47.500 kr.**

Virðingarfallst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur